



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

## **Hér vantar upplýsingar á pólsku**

*Pólsk þýðing á hluta af vefsíðu Vinnumálastofnunar*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Dominika Sigmundsson**

**September 2011**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Íslenska sem annað mál**

# **Hér vantar upplýsingar á pólsku**

*Pólsk þýðing á hluta af vefsíðu Vinnumálastofnunar*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Dominika Sigmundsson**

**Kt.: 1204772939**

**Leiðbeinandi: Jón Karl Helgason**

**September 2011**

## ÁGRIP

Í eftirfarandi ritgerð verður fjallað um þýðingu á hluta af heimasíðu Vinnumálastofnunar yfir á pólsku. Á þessu augnabliki eru engar upplýsingar á vefsíðunni sem pólskir lesendur geta lesið á sínu móðurmáli. Mikil þörf er á þýðingum af þessum tagi. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar voru alls 1.835 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júlí 2011, þar af 1.094 Pólverjar eða um 60% þeirra útlendinga sem voru á skrá. Yfirleitt er íslenskukunnátta Pólverja ekki nógu góð til að skilja fullkomlega nytjatexta. Rökrétt var að þýða fyrst og fremst textana sem veita upplýsinga um rétt atvinnulausa. Þess vegna var tekin sú ákvörðun að þýða þá texta sem varðar upplýsinga fyrir umsækjanda atvinnuleysisbóta og laga um atvinnuleysistryggingar. Þessi hluti er nefndur á heimasíðu Vinnumálastofnunar: Atvinnuleysisbætur.

Ritgerðin skiptist í tvo hluta. Í fyrri hluta ritgerðarinnar er skrifað um undirbúning undir þýðinguna, notaðar kenningar þýðingafræðinga og rætt um margskonar vandamál sem komu upp meðan á þýðingarferlinu stóð. Síðari hlutinn er þýðingin sjálf og frumtextinn er loks birtur í viðauka.

## EFNISYFIRLIT

<b>Fyrri hluti: Umræða um þýðinguna</b> .....	<b>5</b>
1. Inngangur .....	6
2. Greining frumtexta .....	7
3. Þýðingarferlið .....	11
4. Vandamál í þýðingu .....	13
4.1. Vandamál sem tengjast mismun á milli íslensks og pólskt atvinnuleysisbótakerfis .....	13
4.2. Vandamál sem koma í kjölfarið á notkun ólíkra orða en sömu hugtaka .....	14
4.3. Vandamál sem koma í kjölfarið þýðingu samsettra orða .....	15
4.4. Önnur vandamál .....	17
<b>5. Lokaorð</b> .....	<b>20</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>21</b>
<b>Síðari hluti: Þýðing á hluta af heimasíðu Vinnumálastofnunar</b> .....	<b>23</b>
<b>Viðauki: Íslensk frumtextinn</b> .....	<b>68</b>

# **Fyrri hluti**

## **Umræða um þýðinguna**

## 1. Inngangur

Áður en ég valdi texta sem mig langaði til að þýða fyrir BA ritgerð, hugsaði ég vel um hvaða texti væri nytsamlegastur fyrir Pólverja sem eru búsettir á Íslandi. Reynslan hefur sýnt mér að meirihluti efnis sem þarfnast þýðingar eru upplýsandi textar, til dæmis allskonar reglur og lög.

Ég velt fyrir mér á hvaða skrifstofu Pólverjar væru stærsti hópur útlendinga sem njóta þjónustu og það reyndist vera Vinnumálastofnun. Ég ræddi við starfsmenn Vinnumálastofnunar um þýðingu hvaða texta vantaði mest. Þeir bentu mér á upplýsingar fyrir umsækjendur atvinnuleysisbóta. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar voru alls 1.835 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júlí, þar af 1.094 Pólverjar eða um 60% þeirra útlendinga sem voru á skrá. Starfsmenn hafa lent í erfiðleikum með að útskýra reglur fyrir Pólverjum sem hvorki tala íslensku, né ensku.

Frumtextann sótt ég á heimasíðu Vinnumálastofnunar. Hún er opin fyrir alla sem þurfa að njóta þjónustu hennar. Þar er safn af almennum upplýsingum um hlutverk, verkefni og þjónustu stofnunarinnar. Þeim upplýsingum er skipt í fjórar megingreinar sem eru nefndar: Vinnumálastofnun, Atvinnurekandi, Störf í boði, Atvinnuleysisbætur. Allar þessar greinar innihalda nokkrar undirgreinar sem nákvæmlega útskýra tilheyrandi viðfangsefni. Það gerir að auðvelt er að finna upplýsingar og heimasíðan er einföld í notkun.

Í eftirfarandi ritgerð birti ég þýðingu yfir á pólsku á einni af þessum meigingreinunum: Atvinnuleysisbótum. Hún er samsett úr undirgreinum sem nefndar eru: Umsóknar- og skráningarferli, Réttur til atvinnuleysisbóta, Réttindi og skyldur, Fjárhæðir atvinnuleysisbóta, Greiðslur atvinnuleysisbóta, Biðtími og viðurlög, Atvinnuleysisbætur með erlendis. Umræddir textar eru samsafn nákvæmra upplýsinga fyrir umsækjanda atvinnuleysisbóta og laga um atvinnuleysistryggingar.

Fyrir mig var það mikil áskorun að þýða upprunlega textann vegna þess að þetta er lögfræðileg mál að mestu leyti. Og ég er ekki vön að þýða það. Um undirbúning undir þýðinguna, kenningar þýðingafræðinga sem ég notaði í vinnunni minni og margskonar vandamál sem komu upp á meðan á þýðingiferli stóð, skrifa ég í fyrsta hluta ritgerðarinnar. Síðari hlutinn er þýðingin sjálf og frumtextinn er loks birtur í viðauka.

## 2. Greining frumtexta

Textinn sem birtist á heimasíðu Vinnumálastofnunar byggist á lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar. Samkvæmt Vinnumálastofnun þá er markmið laganna „að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði, auk þess sem lögunum er ætlað að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu“ (Vinnumálastofnun 2011).

Textinn á vefsíðunni er styttr og einfölduð útgáfa þessara laga. Parturinn sem tilheyrir atvinnuleysisbótum er samsettur úr lögum og reglum um atvinnuleysisstryggingar og praktískum ábendingum fyrir umsækjanda.

Allar þær upplýsingar hafa verið flokkaðar í nokkrar greinar, sem heita: Umsóknar- og skráningarferli, Réttur til atvinnuleysisbóta, Réttindi og skyldur, Fjárhæðir atvinnuleysisbóta, Greiðslur atvinnuleysisbóta, Biðtími og viðurlög, Atvinnuleysisbætur með erlendis.

Þar sem frumtextinn og þýðingartextinn eiga að veita upplýsingar, reyndi ég í þýðingunni minni að gefa rétta mynd af frumtextanum og kynna hann vel og fullkomlega. Ég þurfti líka að nota venjulegt form þýðingarmálsins hvað stíl varðar. Til að ná þessum markmiðum notaði ég kenningu þýðingafræðinganna: Katharinu Reiss og Christiane Nord.

Þýðingu mína byggði ég á kenningu Katharinu Reiss um þýðingaraðgerðir og textategundir (Reiss 2000, 160-171). Þegar þýðandi greinir frumtextann þarf hann samkvæmt Reiss að leita að merkjum sem gefa samskiptahlutverk textans til kynna. Hann notar innanmálsviðmið, svo sem merkingarfræðileg, orðfræðileg, málfræðileg, stílfræðileg, og utanmálsviðmið en þau geta verið aðstæður, viðfangsefni, tími, staður, viðtakandi, sendandi, tilfinningalegar vísbendingar á borð við kaldhæðni og kímni. Þýðandi ákveður hvort samskiptahlutverk frumtextans og markttextans skuli vera þau sömu eða ekki og velur þýðingaraðferð í samræmi við hlutverk markttextans.

Í kenningu um textategundir skilgreindi Reiss þrjár gerðir texta miðað við samskiptahlutverk þeirra en þeir eru: upplýsandi textar, tjáningartextar og virkjandi textar. Samskiptahlutverk upplýsandi texta er lýsing, tjáningartexta tjáning og virkjandi texta ákall. Hver textategund á sín svið (rökrænt, fagurfræðilegt, og samræðu) og markmið (miðla efni, miðla formi eða kalla á viðbrögð). Í upplýsandi textum er áhersla

lögð á innihaldið, í tjáningartextum á formið og í virkjandi textum á áhrifin. Textategundir gefa til kynna um hvers konar texta er að ræða og vekja ákveðnar væntingar hjá viðtakandanum. Það væri skrítið til dæmis að nota í þýðingu á upplýsandi texta, eins og leiðbeiningum með tækjum, myndmál sem fyrst og fremst er notað í tjáningartextum eins og ljóðum.

Textategundir eru menningarbundnar. Þýðandi þarf að þekkja málvenjur eða vanabundna málnotkun innan málsamfélags í báðum menningarheimum, annars verður þýðing hans óskiljanleg. Samkvæmt Katharinu Reiss verður að skoða hvern texta vel til þess að ákveða nákvæmlega hvaða textategund hann tilheyrir. Frumtextinn sem ég hef valið er samsafn almennra upplýsinga og laga um atvinnuleysistryggingar. Þetta er upplýsandi texti og markmiði hans er að miðla efni. Megin áhersla er lögð hérna á innihaldið. Þessi textategund vekur ákveðnar væntingar hjá lesanda og stýra þær textaskilningi hans. Það sem ég vildi gera var að þýða frumtextann á sama hátt og ef hann væri skrifaður fyrir vefsíðu pólsku vinnumálastofnunarinnar.

Í þýðingunni studdist ég við kenningu Christiane Nord um þýðingaraðferðir (Nord 1988, 41). Ég byrjaði vinnuna mína á lestri og greiningu textans. Samkvæmt Nord er greining frumtextans aðalatriði í þýðingaferli af því að hún hjálpar þýðanda að velja rétta aðferð. Nord hefur búið til spurningalista. Tilgangur hans er að draga fram þætti (eiginleika) frumtextans og hjálpa manni að áskilja samskiptaástandið. Þessar spurningar tilheyra þáttunum sem eru utantexta (textexterne Factoren) og innantexta (textinterne Factoren). Fyrstu spurningarnar varða samhengi textans og hinar varða textann sjálfan. Spurningar um utantextaþætti eru eftirfarandi:

- hver er sendandi?
- hvert er markmiði sendanda?
- hver er viðtakandi?
- hvað er miðill (tal eða texti)?
- hver eru staður og stund textaviðtöku?
- hver er ástæða (hvati til samningar frumtexta og þýðingar á honum)?

Spurningar um innantextaþætti eru eftirfarandi:

- hvert er viðfangsefni frumtextans?
- hvert er innihald frumtextans?
- hverjar eru forsendur (það sem ætlað er að þátttakendur viti um raunverulegar samskiptaáðstæður)?



- hverir eru óyrtir þættir (myndir, skáletrun)?
- hvernig eru orðaval, málsnið og setningafræði?
- hvernig eru yfirsneiðarþættir: áherslur, hrynjandi, stílræn einkenni?

Svörin við þessum spurningum eiga að hjálpa þýðanda að finna rétta leið til að þýða textann.

Spurningalisti Nord hjálpaði mér mikið við vinnuna mína. Til að byrja með greindi ég viðmælendur. Þeir eru starfsmenn Vinnumálastofnunar og Pólverjar sem eru búsettir á Íslandi. Markmiði sendandans er að veita upplýsingar um verkefni og þjónustu stofnunar. Textinn birtist á heimasíðu Vinnumálastofnunar og er fyrir alla áhugasama. Tilgangur þýðingarinnar er að gefa pólskum lesendum möguleika á að finna upplýsingar um atvinnuleysisbótakerfi á sínu móðurmáli. Næst skoðaði ég innantextaþætti eins og orðaval, málsnið og setningafræði. Frumtextinn byggist á lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar svo mál hans er nánar tiltekið lögfræðimál. Í kafla III (*Skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum launamanna*), kafla IV (*Skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum sjálfstætt starfandi einstaklinga*), og kafla V (*Tilvik er leiða til þess að atvinnuleysistryggingar geymast*) eru birtir á heimasíðunni textar úr lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar nánast í óbreyttu formi. Þennan stíl þurfti ég að endurspegla einnig í þýðingunni minni. Áhugavert er að innihaldinu kafla VIII (*Atvinnuleit eða atvinna í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum*) hefur verið ritstýrt á heimasíðu Vinnumálastofnunar. Hérna er hluti úr þessum lögum:

**47. gr. Ávinnslutímabil í öðru aðildarríki.**

Þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur hefur starfað á innlendum vinnumarkaði [a.m.k. síðasta mánuðinn]<sup>1)</sup> á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. er Vinnumálastofnun heimilt að taka tillit til starfstímabila hans sem launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings, sbr. a- og b-lið 3. gr., í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum á ávinnslutímabilinu við mat á atvinnuleysistryggingu hans enda hafi störf hans í því ríki veitt honum rétt samkvæmt lögum þess um atvinnuleysistryggingar. (Alþingi 2006a)

Hér fyrir neðan er útgáfa Vinnumálastofnunar:

## EF ÞÚ FÆRÐ ATVINNU Í ÖÐRU EES-RÍKI

Þá starfsreynslu sem þú ávinnur þér í öðru EES-ríki með því að vera áfram tryggður þar ásamt því að vera í starfi, getur þú flutt til Íslands, ef erlend yfirvöld staðfesta tryggingar- og starfstímabilin á eyðublaðinu E 301/N 301. (Vinnumálastofnun 2011)

Augljóst er að útgáfa Vinnumálastofnunar er styttri og aðgengilegri en brot úr lögum. Formið er ekki lengur ópersónulegt og stíl minnir meira á talmál en ritmál. Öll þessi grein, sem er nefnd *Atvinnuleysisbætur með erlendis*, er skrifuð á þennan hátt. Þótt það sé ekki oft að þessi stíll sé notaður á vefsíðum pólsku vinnumálastofnunarinnar, ákvað ég að nota persónulegt form af því að það hljómar eðlilegra. Mig langaði að gera þýðinguna mína eins líka frumtextanum eins og hægt er.

Samkvæmt Nord þarf þýðandi að greina þá þætti sem þarf að laga að nýjum aðstæðum, það er aðstæðum í viðtökusamhengi. Þótt atvinnleysiskerfi í Póllandi og á Íslandi séu ekki eins er grundvöllurinn sá sami. Ég þurfti ekki að útskýra hugtök eins og vinnumálastofnun, ríkisskattstjóri eða atvinnuleysisbætur vegna þess þau hugtök eru einnig þekkt meðal pólskra lesenda. Þessi orð eiga sín jafngildi í pólsku máli og ég notaði þau. Samt voru þarna nokkur hugtök sem eru alveg ný fyrir Pólverjum eins og tekjutenging og atvinnleysistrygging sem í orðréttri þýðingu mundu hljóma óskiljanlega og þessi orð þurfti ég að umorða. Ég vildi ekki búa til nýyrði fyrir þau hugtök því þau mundu bara flækja textann. Mikilvægast fyrir mig var að efnið kæmist til skila á eðlilegu og skiljanlegu máli og að þýðingin væri efnislega nákvæm.

### 3. Þýðingarferlið

Bæði á Íslandi og í Póllandi eru upplýsandi textar skrifaðir samkvæmt sömu málvenjum, reglum, formum og stíl. Þetta er ekki hversdags tungumál, heldur lögfræðimál. Þetta lögfræðimál reyndi ég að varðveita í þýðingu minni án þess að flækja það of mikið. Ég gat ekki gert það öðruvísi en að undirbúa mig.

Til að byrja með fór ég á valdar heimasíður vinnumálastofnunar í Póllandi, sem eru:

<http://www.pup-poznan.pl>, <http://www.pup-wroclaw.pl>, <http://www.pup.opole.pl>, og skoðaði þær nákvæmlega.

Það þarf að gera þá athugasemd að í Póllandi er ekki ein heimasíða vinnumálastofnunar fyrir allt landið heldur á hver hreppur, sem eru 314, sína eigin heimasíðu. Birtar upplýsingar eru þær sömu en það fer eftir síðu hvort þeim er lýst meira eða minna á aðgengilegan hátt.

Ég eyddi miklum tíma í lestur á upplýsingum fyrir umsækjendur atvinnuleysisbóta og pólskum lögum og reglum sem varða þennan málaflokk Vegna þess að ég nota ekki þetta sérstaka mál í mínu hversdagslega lífi, þurfti ég fyrst að tileinka mér það á pólsku. Í þessum lestri tók ég eftir að textar af pólskum vefsíðum og frumtextinn eru mjög líkir. Með nokkrum undantekningum eru upplýsingar að mestu leyti þær sömu. Í sumum tilvikum eru hugtökin í báðum málum nákvæmlega eins en orðstofnar hugtakanna samsvara ekki hvor öðrum.

Það var ekki alltaf hægt að finna skilgreiningar íðorða og í þessum tilvikum leitaði ég hjálpar hjá fagmönnum: lögmanni, bókhaldara og þýðanda sem útskýrðu fyrir mér merkingu þeirra.

Það tók mig lengri tíma að lesa og að skilja frumtextann. Íslensk-pólsk skólaorðabók eftir Stanisław Bartoszek, sem er eina íslensk-pólska, pólsk-íslenska orðabókin, inniheldur aðeins tíu þúsund orð. Þess vegna notaði ég einnig íslensk-enska orðabók sem er talsvert stærri. Sú orðabók er á netinu og heitir Snara (Snara 2011)

Það kom líka fyrir að ég þekkti merkingu allra orðanna í einni setningu en skildi samt ekki merkingu setningarinnar. Í þau skipti það ég um og fékk hjálp hjá starfsmönnum Vinnumálastofnunar sem útskýrðu fyrir mér hugtök eins og til dæmis: *biðtími*, *viðmiðunarfjárhæð* og *tekjutenging*.

Þegar ég byrjaði að þýða var ég með ákveðinn markhóp í huga. Í þessu tilfalli er

Þessi hópur Pólverjar sem búsettir eru á Íslandi. Árið 2006 voru tíu þúsund Pólverjar á vinnumarkaði og voru aðeins þrettán þeirra á skrá Vinnumálastofnunar. Í lok júlí á þessu ári voru þeir 1.094 eða 61 prósent þeirra útlendinga sem eru atvinnulausir (Svavar Hávarðsson 2011). Þeir hafa búið hér í styttri eða lengri tíma og kannast all vel við íslenska samfélagið, venjur og skipulag ríkis. Ég þurfti ekki að útskýra hugtök eins og *vinnumálastofnun* eða *ríkisskattstjóri* vegna þess þau hugtök eru þekkt meðal pólskra lesenda. Samt eru íslenskt og pólskt atvinnuleysiskerfi ekki eins og hugtök eins og *tekjutenging*, *biðtími*, og *geymdur bótaréttur* eru alveg ný fyrir Pólverjum. Hafði ég í huga að þýðingin mín verður líklega einasta heimildin um íslensk atvinnuleysiskerfið á pólsku og hef ég reynt að lýsa þessum hugtökum á aðgengilegan hátt.

## 4. Vandamál í þýðingu

Við vinnslu þýðingar komu upp ýmis vandamál sem ég flokkaði á eftirfarandi hátt:

### 4.1. Vandamál sem tengjast mismun á milli íslensks og pólsks atvinnuleysisbótakerfis

Bæði á Íslandi og í Póllandi fer Vinnumálastofnu meðal annars með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinn og daglega afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs sem í Póllandi heitir Vinnusjóður. Í báðum löndum vinna vinnumálastofnanir samkvæmt tilteknum lögum. Á Íslandi eru þetta *Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006* og í Póllandi *Lög um atvinnueflingu og vinnumarkaðsstofnun*. Markmið þessara laga er að tryggja launþegum, og á Íslandi einnig sjálfstætt starfandi einstaklingum, tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt. Í báðum löndum ber launagreiðendum að inna af hendi atvinnuþryggingagjald (sem í Póllandi heitir gjald í Vinnusjóð) og er það hlutfall af heildarlaunum launþega. Úr þessum sjóðum eru greiddar atvinnuleysisbætur.

Fyrstu erfiðleikarnir komu upp með hugtakið *tekjutenging*. Vegna þess að tekjutenging atvinnuleysisbóta er ekki til í pólskum lögum vantar líka orð yfir hana. Orðrétt þýðing þessa samsetta orðs hljómar svo: *łączenie dochodów*. Þetta orðasamband kemur fram mjög oft í pólsku tungumáli og er vel þekkt. Samt þegar við bætum við orðið *atvinnuleysisbótum* og þýðum *łączenie dochodów zasilku* [tekjutenging atvinnuleysisbóta] fáum við óskýrt orðasamband sem alls ekki speglar merkingu íslenska orðasambandsins. Vegna þess að tekjutenging atvinnuleysisbóta er nýtt hugtak fyrir pólskumælandi fólk ákvað ég að umorða íslenska orðasambandið: *zasiliek naliczany od poborów* [bætur reiknað út frá tekjum]. Þótt þetta sé ekki orðrétt þýðing þá merkir hún það sama.

Næsta hugtak sem er ekki til í pólsku atvinnuleysiskerfi er *biðtími*. Þetta orð kom upp á vefsíðunni í kaflanum: Biðtími og viðurlög. Eins og í fyrra tilvikinu er orðrétt þýðing þess orðs *czas oczekiwania* ruglandi fyrir lesenda. Hann gætir hugsað sér að *biðtími* sé sá tími sem hann þarf að bíða eftir greiðslu atvinnuleysisbóta eftir að hann er búinn að skrá sig í kerfið. Í rauni er biðtími einskonar viðurlög, tíminn sem umsækjandi verður að bíða eftir greiðslu ef hann uppfyllir ekki skilyrði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar við skráningu eða á meðan hann fær greiddar atvinnuleysisbætur. Í þessu tilviki fellur greiðsla atvinnuleysisbóta niður í ákveðinn

tíma. Til að forðast því misskilning þýddi ég þetta orð sem *opóźnienie wypłaty* [seinkun greiðslna] eða *wstrzymanie wypłaty na (określony) okres* [stöðvun greiðslu á (ákveðnu) tímabili] og bætti við orðinu *atvinnuleysisbætur*. Samt fannst mér nauðsynlegt að taka fram að biðtími er einskonar viðurlög. Þess vegna ákvað ég að bæta við orðinu *annar* sem ákvæðisorði viðurlaga. Mín þýðing hljómar því svo: *Opóźnienie wypłaty zasilku oraz inne kary* [seinkun greiðslu atvinnuleysisbóta og önnur viðurlög].

#### 4.2. Vandamál sem koma í kjölfarið á notkun ólíkra orða en sömu hugtaka

Bæði í íslensku og pólsku atvinnuleysiskerfi eru einnig orðasambönd sem vísa til sömu hugtaka en eru orðuð öðruvísi. Gott dæmi er hugtakið *staðfesting á atvinnuleit*. Samkvæmt Vinnumálastofnun er þetta skilgreint svo: „Við staðfestingu á atvinnuleit er umsækjandi að staðfesta að hann sé enn án atvinnu og í virkri atvinnuleit“ (Vinnumálastofnun 2011). Þetta íslenska hugtak samsvarar pólska hugtakinu *potwierdzenie gotowości do pracy* [staðfesting á að vera tilbúinn til vinnu]. Í báðum tilvikum á umsækjandi einu sinni í mánuði á ákveðnu tímabil að koma til Vinnumálastofnunar eða fara á vefsíðu stofnunar og staðfesta ofangreint. Með það í huga að margir pólskir umsækjendur hafa sótt um atvinnuleysisbætur áður í Póllandi eða hafa lesið upplýsingar um atvinnuleysisbætur á pólskum vefsíðum og þekkja þetta orðasamband í þýðingunni, ákvað ég að nota pólska jafngildið.

Sömu aðferð hef ég notað í þýðingu orðsins *E-303 vottorðið*. Í íslensk-pólskri orðabók þýðir orðið *vottorð* á pólsku *zaświadczenie*. Þrátt fyrir það er *E-303 vottorðið* kallað í pólska kerfinu *formularz E-303* [eyðublað], líklega vegna pólskrar þýðingar enska orðsins *form*. Eins og áður, til að forðast misskilning fannst mér best að nota orð sem pólskir lesendur eru vanir og þekkja best.

Í frumtextanum birtist orðið *atvinnuleysistrygging* mjög oft. Orðrétt þýðing yfir á pólsku væri *ubezpieczenie od bezrobocia* [trygging ef þú verður atvinnulaus]. Það er skiljanlegt fyrir pólskan lesanda en það orðasamband er aldrei notað í samhengi við atvinnuleysisbætur heldur frekar í samhengi við váttryggingafélög sem eru ótengd ríkisstofnunum. Í Póllandi er atvinnuleysistrygging eins og hver önnur trygging sem launþegi getur keypt sér ef hann er lántaki til að tryggja afborgarnir af láni til lánaveitanda ef hann skyldi missa atvinnu. Vegna þessa gat ég ekki notað þetta orð því þá yrði orðrétt þýðing einfaldlega misskilin. Pólskir lesendur vita ekki að atvinnuleysistrygging samsvara atvinnuleysisbótum í íslenska kerfinu. Þess vegna

notaði ég í þýðingunni minni fyrir atvinnuleysistrygging hugtakið *zasilek dla bezrobotnych* [atvinnuleysisbætur]. Þessi þýðing endurspeglar innihald íslenska orðsins og veldur ekki misskilningi.

Sama vandamál kemur með orðinu *tryggingaréttur*. Í frumtextanum kemur þetta orð í samhengi með fyrrnefndu orði *atvinnuleysistryggingu*. Af því að ég hafði þýtt orðið sem *zasilek dla bezrobotnych* [atvinnuleysisbætur] var rökrétt að þýða *tryggingarétt* sem *prawo do zasiłku dla bezrobotnych* [réttur til atvinnuleysisbóta]. Ég hafði aftur í huga að fyrir pólskum lesendum tengist orðið *trygging* fyrst og fremst váttryggingum eins og bifreiðatryggingu eða brunatryggingu. Þess vegna, til að forðast misskilning, þurfti ég að nota orðið *atvinnuleysisbætur*.

Nokkur vandamál komu upp einnig þegar ég þýddi setninguna: *Atvinnuleysisbætur eru 121.142 kr. á mánuði miðað við 75% bótarétt*. Það var ekki erfitt að skilja hvað setningin þýddi heldur færa það yfir á pólsku. Að segja á pólsku *75% bótaréttur* í orðréttri þýðingu hljómar fáránlega. Það er hægt að tala um fullan eða ekki fullan bótarétt en það er ekki hægt að tala um prósentur. Samt er hægt að nota prósentur með orðinn *atvinnuleysisbætur*. Besta lausnin í þessu tilviki er að þýða *Zasilek wynosi 121.142 korony na miesiac przy prawie do 75% zasiłku*. [Atvinnuleysisbætur eru 121.142 kr. á mánuði með rétti til 75% bóta]. Þannig er eðlilegasta að fjalla um hlutfall á pólsku.

#### 4.3. Vandamál sem koma í kjölfarið á þýðingu samsettra orða

Það sem mér fannst erfiðast var að þýða samsett íslensk orð yfir á pólsku. Eins og ég bjóst við fann ég þau ekki í orðabókum, hvorki íslensk-pólsku, né íslensk-ensku. Ég þekkti merkingu þeirra orða en það fannst ekki jafngildi á pólsku. Til dæmis er ekki hægt að segja á pólsku *ávinnslutímabil* í einu orði. Ég þurfti að útskýra merkingu þess með setningum: „þetta er tímabil sem einhver hefur unnið sér inn réttindi“. Af þessari ástæðu varð marktætt talsvert lengri en frumtextinn.

Eins og ég hef skrifað áður eru sum íslensk hugtök eða orðasambönd ekki til í sömu merkingu í pólsku tungumáli og þurfti ég að umorða þau. Ég hafði það í huga að þau hugtök eru alveg ný fyrir pólska lesendur. Þess vegna hef ég reynt að nota orðasambönd sem eru þeim vel þekkt. Hér ætla ég að sýna þýðingafærli nokkurra samsettra orða sem eiga ekki jafngildi í pólsku máli. Sem dæmi má nefna:

íslenskt orð	orðrétt þýðing	mín þýðing
<i>atvinnleysisstrygging</i>	ubezpieczenie od bezrobocia	<i>zasilek dla bezrobonych</i>

<i>tekjutenging</i>	łączenie dochodów	[atvinnuleysibætur] <i>naliczanie od poborów</i> [reiknað út frá tekjum]
<i>tryggingarhlutfall</i>	proporcja ubezpieczenia	<i>wysokość świadczeń/zasilku</i> [fjárhæð bóta]
<i>starfshlutfall</i>	proporcja pracy	<i>wymiar etatu</i> [stærð stöðugildis]
<i>námshlutfall</i>	proporcja nauki	<i>wymiar studiów</i> [stærð náms]
<i>tryggingagjald</i>	opłata ubezpieczenia	<i>składka na ubezpieczenie</i> [gjald fyrir tryggingu]
<i>tryggingaréttur</i>	prawo do ubezpieczenia	<i>prawo do zasilku dla</i> <i>bezrobotnych</i> [réttur til atvinnleysisbóta]
<i>ávinnslutímabil</i>	okres wypracowania	<i>okres wypracowania prawa</i> [tímabil sem einhver hefur unnið sér inn réttindi]
<i>ársmaður</i>	człowiek roku	<i>osoba prowadząca własną</i> <i>działalność gospodarczą,</i> <i>która raz w roku odprowadza</i> <i>składkę na ubezpieczenie od</i> <i>obliczonego wynagrodzenia</i> [sjálfstætt starfaeinstaklingur sem greiðir tryggingagjald vegna reiknaðs endurgjalds einu sinni á ári]
<i>biðtími</i>	okres oczekiwania	<i>opóźnienie wypłaty</i> [seinkun greiðslu]
<i>skráningarferli</i>	proces rejestracji	<i>rejestracja</i> [skráning]

Augljóst er að í flestum tilvikum speglar orðrétt þýðing ekki innihald íslensku orðanna og það er ekki hægt að nota hana. Mér fannst nauðsynlegt að setja hana í það



form sem myndi henta pólskum lesendum hvað best. Forgangur var að gera textann skiljanlegan og ég hikaði ekki við að breyta íslenskum orðum eða lýsa orðasambandi til að ná skýru formi sem hljómaði eðlilega.

Til að finna pólska þýðingu íslenskra samsettra orða leitaði ég að þeim einnig á pólskum vefsíðum. Ég hef lesið allskonar upplýsingar á heimasíðum fjármálaráðherra, vinnuálastofnunar, tryggingastofnunar og fann pólsk jafngildi nokkurra samsettra orða. Ég þurfti að lesa nákvæmlega allar upplýsingar á vefsíðunum til að vera fullviss um að pólsku orðin merktu það sama og þau íslensku. Til dæmis er orðið *skattkort* til bæði í pólska og íslenska skattkerfinu en hefur ekki sömu merkingu. Á Íslandi er *skattkort* „skírteini frá skattayfirvöldum sem launamaður leggur inn hjá launagreiðanda til að fá persónufrádrátt við staðgreiðslu skatta“ (Snara 2011) en í Póllandi er það ein aðferð til að borga skatta fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga. Þótt pólskt skattkort sé ekki það sama og íslenskt, nota Pólverjar sem eru búsettir á Íslandi þetta orð í íslensku merkingunni. Þess vegna ákvað ég að umorða ekki þetta orð eða smíða nýyrði heldur nota það eins og þeir þekkja og skilja það.

Það gerðist líka að ég fann pólska þýðingu íslenskra samsettra orða en var ekki viss um hvort hún væri rétt. Til dæmis hef ég fundið þýðingu orðsins *Fæðingarorlofssjóður* á pólskri vefsíðu EURES (Evrópsk vinnumiðlun). Hún er *Fundusz Urlopów Macierzyńskich/Ojcowskich* [mæðraorlofssjóður/feðraorlofssjóður] Mín orðrétta þýðing mundi hljóma *Fundusz Urlopów Urodzeniowych* en til að velja rétt form bað ég um ráð hjá pólskum þýðanda sem hefur meiri reynslu en ég. Hann samþykkti fyrsta formið sem rétt og ég notaði það í þýðingatekstanum.

#### 4.4. Önnur vandamál

Í þessum undirkafla ætla ég að lýsa nokkrum stíllegum vandamálum sem komu upp í þýðingu. Eftirfarandi setningu er ekki erfitt að þýða orð fyrir orð en pólsk setning myndi hljóma röklaus.

Launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklingar á aldrinum 16 - 70 ára sem eru atvinnulausir geta skráð sig hjá þjónustuskrifstofu Vinnuálastofnunar og átt rétt á atvinnuleysisbótum, að því tilskyldu að hafa áunnið sér tryggingarétt og uppfylli ákveðin skilyrði. (Vinnuálastofnun 2011)

Augljóst er að það er ekki hægt að vera launamaður og atvinnulaus á sama tíma og í íslensku setningunni eru rökleg mistök. Til að vera viss um að ég hefði ekki

misskilið setninguna las ég Lög um atvinnuleysistryggingar og þar segir: „Launamönnum og sjálfstætt starfandi einstaklingum er heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar þegar þeir verða atvinnulausir“ (Alþingi 2011a). Til að forðast þau mistök í þýðingu minni þurfti ég að skipta orðunum *eru atvinnulausir* fyrir *stracili prace* [(sem) misstu vinnu].

Það gerðist oft að ég þurfti einnig að skipta út orðum eða bæta við í þýðingartextann. Til dæmis myndi orðrétt þýðing af *Skilyrði vegna umsóknar um atvinnuleysisbætur* ekki skiljast í pólskri setningu og væri í raun stílfraðilega ótæk. Ég þurfti skipta út orðum *vegna umsóknar* og segja þess í stað *przyznania zasiłku* [veiting atvinnuleysisbóta]. Mín þýðing hljómar því svo: *Warunki przyznania zasiłku dla bezrobotnych* [Skilyrði veitingar atvinnuleysisbóta]. Öll skilyrði í íslenska textanum eru sett í nafnháttarmynd, til dæmis: *Að vera atvinnulaus*, sem á pólsku myndi hljóma fáránlega. Þess vegna bætti ég við orðinu *należy* [það þarf] sem er oft notað í pólsku máli í samhengi í lýsingum laga og reglna. Mín þýðing hljómar svo: *należy być osobą bezrobotną* [það þarf að vera atvinnulaus].

Annað stílfraðileg vandarmál var lengd setninga. Mjög langar setningar sem þýddar eru beint á pólsku geta verið mjög ruglandi. Til dæmis:

Launamaður sem missir starf sitt að hluta telst hlutfallslega tryggður samkvæmt lögum þessum og nemur tryggingarhlutfallið mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram, frá þeim tíma er hann missti starf sitt að hluta. (Vinnumálastofnun 2011)

Að þýða slíka setningu orð fyrir orð hlýtur aðeins að geta af sér óskiljanlega þýðingu. Fyrst og fremst reyndi ég að forðast endurtekningar orðanna *missir/misst/missti starf sitt* í upprunalegri setningu. Þess vegna skipti ég henni í tvær setningar.

Zgodnie z ustawą, zatrudnionemu, który utracił część etatu przysługuje prawo do niepełnego zasiłku dla bezrobotnych. Wysokość zasiłku odpowiada różnicy wysokości zasiłku przysługującego mu w przypadku gdyby utracił on pracę całkowicie oraz wysokości zasiłku przysługującego mu za pracę na etacie, na którym pracuje po jego zmniejszeniu.

[Samkvæmt lögum þessum launamaður sem missir starf sitt að hluta telst hlutfallslega tryggður. Tryggingarhlutfallið nemur mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram, frá þeim tíma er hann missti starf sitt að hluta.]

Þess vegna verður pólska þýðingin lengri. Langar setningar birtast þó mjög oft í pólskum upplýsingatextum og eru alveg eðlilegar.

## 5. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um þýðingu á hluta af heimasíðu Vinnumálastofnunar. Ennfremur var sagt frá kenningum þýðingafræðinganna Katharinu Reiss um textategundir og Christiane Nord um þýðingaraðgerðir. Þessar kenningar voru grundvöllur þýðingarferlisins.

Áður en byrjað var að þýða á pólsku voru heimasíður pólskra vinnumálastofnana skoðaðar til að sjá hvernig upplýsingar eru birtar og hvernig um þær er skrifað. Markmiðið var að þýða frumtextann eins og hann væri skrifaður á pólsku. Hafði ég í huga að markhópur er Pólverjar sem eru búsettir á Íslandi og hafa oft ekki hugmynd um hvernig íslenskt atvinnuleysisbótakerfi virkar. Hef ég reynt að lýsa öllum nýjum hugtökum á aðgengilegan hátt.

Þýðingin var unnin í samræmi við kenningar þýðingafræðinganna Reiss og Nord, sem kynntar voru í öðrum kafla. Fyrst var frumtextinn greindur. Hann er samsafn almennra upplýsinga og laga um atvinnuleysistryggingar. Þetta er upplýsandi texti og markmiði hans er að miðla efni. Megináhersla er lögð á innihaldið. Svo var þess gætt að þýða eins nákvæmlega og hægt var. Á hinn bóginn var alltaf hugsað til lesanda til að aðlaga innihaldið og formið fyrir markmenninguna. Sérstaklega var þess gætt að flutningur textans hljómaði vel á pólsku.

Í þessari vinnu komu upp mörg vandamál sem kynnt voru í fjórða kafla. Þau voru tengd við mismun á milli íslensks og pólsks atvinnuleysisbótakerfis, notkun ólíkra orða en sömu hugtaka og notkun á samsettum orðum. Þýðingarferli allra nýju hugtakanna og samsettu orðanna var lýst og það útskýrt. Auk þess komu í frumtextanum fram nokkur stílfræðileg vandamál. Þessum vandamálum var einnig lýst.

Áætlað er að birta þýðinguna á heimasíðu Vinnumálastofnunar. Vonandi verður hún gagnleg heimild um atvinnuleysistryggingar fyrir allra Pólverja sem eru eða ætla að njóta þjónustu Vinnumálastofnunar.

## HEIMILDASKRÁ

### Prentaðar heimildir

Bartoszek, Stanisław. 2006. Íslensk-pólsk pólsk-íslensk skólaorðabók. sjb, Reykjavík.

Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. 1988. Um þýðingar. Iðunn, Reykjavík.

Nord, Christiane. 1988. Textanalyse und Übersetzen: Theoretische Grundlagen, Methode und didaktische Anwendung einer übersetzungsrelevanten Textanalyse. Groos Verlag, Heidelberg.

Reiss, Katharina. 2000. Type, Kind and Individuality of Text, Decision Making in Translation. The Translation Studies Reader, bls.160-171. Ritstj. Lawrence Venuti. Routledge, London og New York.

Svavar Hávarðsson. 2011. Öfgar uppsveiflu og kreppu. Fréttablaðið, 28. mars.

### Heimildir af netinu

Islandzki.pl. 2011. Íslensk-pólsk, pólsk-íslensk orðabók. Sótt 10. maí 2011 af <http://islandzki.pl/slownik/>.

Orðabok.is. 2011. Íslensk-ensk orðabók. Sótt 10. maí 2011 af <http://www.ordabok.is>.

Alþingi. 2006a. Lög um atvinnuleysistryggingar 2006 nr. 54. Sótt 10. maí 2011 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006054.html>

Alþingi. 2006b. Lög um vinnumarkaðsaðgerðir 2006 nr.55. Sótt 10. maí 2011 af <http://www.althingi.is/lagas/138b/2006055.html>.

PUP-Poznan. 2011. Powiatowy Urząd Pracy w Poznaniu (Vinnumálastofnun í Poznan). Sótt 10. maí 2011 af <http://www.pup-poznan.pl>.

PUP-Wrocław. 2011. Powiatowy Urząd Pracy we Wrocławiu (Vinnumálastofnun í Wrocław). Sótt 10. maí 2011 af <http://pup.wroclaw.pl>.

PUP-Opole. 2011. Powiatowy Urząd Pracy w Opolu (Vinnumálastofnun í Opole). Sótt 10. maí 2011 af <http://www.pup.opole.pl>.

Snara. 2011. Íslenskt orðasafn. Sótt 10. maí 2011 af <http://snars.is>.

Internetowy System Aktów Prawnych (Pólskt lagasafn). 2011. Ustawa o promocji zatrudnienia i instytucjach rynku pracy (Lög um atvinnueflingu og vinnumarkaðsstofnun). Sótt 10. maí 2011 af <http://isap.sejm.gov.pl>.

Vinnumálastofnun 2011. Atvinnuleysisbætur. Sótt 10. maí 2011 af <http://vinnumalastofnun.is/atvinnuleysisbætur>.

## **Annar hluti**

**Þýðing á hluta af heimasíðu Vinnumálastofnunar**

## ZASIŁEK DLA BEZROBOTNYCH

Zatrudnieni i osoby prowadzące własną działalność gospodarczą w wieku od 16 do 70 roku życia, którzy stali się bezrobotni, mogą zarejestrować się w biurze Urzędu Pracy oraz otrzymać zasiłek dla bezrobotnych, pod warunkiem, że wypracowali sobie prawo do zasiłku oraz spełniają określone warunki.

Warunki przyznania zasiłku dla bezrobotnych:

- ⤴ należy być osobą bezrobotną,
- ⤴ należy być zameldowanym oraz przebywać w kraju,
- ⤴ należy aktywnie poszukiwać pracy,
- ⤴ należy być zdolnym do pracy,
- ⤴ należy być gotowym do podjęcia pracy,
- ⤴ w ciągu ostatnich 12 miesięcy należy przepracować przynajmniej 3 miesiące na etacie nie mniejszym niż 25%,
- ⤴ dalsze informacje: Prawo do zasiłku.

Warunki otrzymywania zasiłku dla bezrobotnych:

- ⤴ należy aktywnie poszukiwać pracy oraz być gotowym do podjęcia pracy,
- ⤴ każdego miesiąca należy powiadomić UP o tym, czy poszukiwanie pracy przyniosło rezultaty- potwierdzenie gotowości do podjęcia pracy,
- ⤴ należy powiadomić UP o tym, że bezrobotny podjął stałą lub dorywczą pracę- kontakt z urzędem,
- ⤴ należy powiadomić UP o dochodach z tytułu dorywczej pracy- *patrz formularz po prawej*,
- ⤴ należy powiadomić UP o wyjeździe za granicę lub urlopie w kraju- kontakt z urzędem,
- ⤴ należy powiadomić UP o chorobie uniemożliwiającej aktywne poszukiwanie pracy- kontakt z urzędem,
- ⤴ dalsze informacje: Prawa i obowiązki.



## **PODANIE ORAZ REJESTRACJA**

### **Kiedy należy ubiegać się o pracę oraz zasiłek dla bezrobotnych?**

Osoba wnioskująca o zasiłek dla bezrobotnych rejestruje się pierwszego dnia, w którym faktycznie stała się w pełni lub częściowo osobą bezrobotną oraz rozpoczęła poszukiwanie pracy. Osobie tej wypłacany jest zasiłek począwszy od dnia, w którym się zarejestrowała.

### **Gdzie należy ubiegać się o zasiłek dla bezrobotnych?**

Składanie wniosków o pracę oraz zasiłek dla bezrobotnych odbywa się drogą elektroniczną na stronie Urzędu Pracy. Wniosek należy potwierdzić własnoręcznym podpisem w przynależnym biurze Urzędu Pracy w przeciągu 2 tygodni od dnia wysłania wniosku.

### **Jak należy ubiegać się o zasiłek dla bezrobotnych?**

#### **Pierwsza rejestracja**

Na stronie internetowej Urzędu Pracy należy wybrać zakładkę Pierwsza Rejestracja oraz wpisać użytkownika. Kiedy użytkownik zostanie określony, na podany przez niego adres e-mail zostanie wysłany list potwierdzający rejestrację. Aby aktywować użytkownika należy kliknąć na link podany w liście. Następnie należy wypełnić wniosek postępując zgodnie ze wskazówkami.

#### **Rejestracja powtórna**

Należy otworzyć zakładkę „Moje strony” i wpisać nazwę użytkownika i hasło. Następnie należy postępować zgodnie ze wskazówkami podanymi we wniosku.

#### **Potwierdzenie wniosku**

Wniosek złożony drogą elektroniczną należy potwierdzić w biurze Urzędu Pracy w przeciągu 2 tygodni. Wniosek staje się ważny w dniu jego rejestracji.

Jeżeli wniosek nie zostanie potwierdzony w przeciągu 2 tygodni, to będzie on uznany za nieważny i zniszczony. Jeżeli wnioskujący potwierdzi wniosek po upływie rzeczonych 2 tygodni, to stanie się on ważny w dniu podpisania go w urzędzie.

### **Załączniki**

We wniosku podane są informacje o załącznikach, które należy dołączyć ubiegając się o zasiłek dla bezrobotnych. Informacje te zostały również zebrane przy zakończeniu rejestracji. Jeżeli załączniki nie zostaną dołączone w chwili potwierdzenia wniosku, może to utrudnić jego obsługę. Bliższe informacje: [tutaj](#)

### **Realizacja wniosków**

Po potwierdzeniu wniosku własnoręcznym podpisem w przynależnym biurze Urzędu Pracy, zostaje on przekazany do Działu Finansowego, do obsługi. Wnioski i załączniki są obsługiwane w kolejności składania ich do Działu Finansowego.

Bliższe informacje: [tutaj](#)

## ZAŁĄCZNIKI DO WNIOSKU

Jeżeli wniosek o zasiłek dla bezrobotnych został wysłany drogą elektroniczną, to wnioskujący ma dwa tygodnie na złożenie następujących załączników:

- ✦ świadectwa pracy od poprzednich pracodawców,
- ✦ wyjaśnienie odnośnie zakończenia stosunku pracy/ Wypowiedzenie umowy o pracę, jeżeli nie została ona wypowiedziana z powodu redukcji etatów/ zmian organizacyjnych lub umowy na czas określony, lub innych przyczyn wymagających wyjaśnienia,
- ✦ potwierdzenie zdolności do pracy, jeśli wiąże się to z ograniczoną zdolnością do pracy,
- ✦ zaświadczenie ze szkoły o zakończeniu nauki, w którym podane są informacje o okresie odbywania nauki przez wnioskodawcę,
- ✦ zaświadczenie ze szkoły o wymiarze godzinowym nauki wraz z planem zajęć,
- ✦ zaświadczenie z Funduszu Urlopow Macierzyńskich/Ojcowskich,
- ✦ w przypadku zmniejszenia etatu, kopie ostatnich dwóch odcinków wypłaty,
- ✦ formularz E-301, jeśli wnioskodawca pracował za granicą i istnieje potrzeba oszacowania jego prawa do zasiłku,
- ✦ informacje o liczbie dni zamustrowania (marynarze),
- ✦ karta podatkowa.<sup>1</sup>

Osoby prowadzące własną działalność gospodarczą powinny dodatkowo przedłożyć następujące dokumenty:

- ✦ odpis powiadomienia dla rejestru pracodawców Naczelnika Krajowej Izby Skarbowej o wypisie z rejestru pracodawców (RSK5.04),
- ✦ odpis powiadomienia dla rejestru pracodawców Naczelnika Krajowej Izby Skarbowej o zmianach w prowadzeniu działalności gospodarczej (RSK5.02), jeżeli wnioskuje się o zasiłek dla bezrobotnych zgodnie z przepisami przejściowymi VI z powodu zmniejszenia etatu,
- ✦ zaświadczenie wydane przez służby podatkowe o obliczonym wynagrodzeniu,

---

<sup>1</sup> W języku islandzkim karta podatkowa oznacza kartę uprawniającą do ulgi podatkowej dla płatników podatku dochodowego.

- ✦ zaświadczenie wydane przez służby podatkowe o odprowadzeniu składki na ubezpieczenie społeczne oraz podatek dochodowy,
- ✦ kopie zeznań podatkowych z ostatnich 3 lat. Dotyczy tych wnioskujących, którzy odprowadzali podatek raz w roku.

## **REALIZACJA WNIOSKÓW**

Po potwierdzeniu wniosku własnoręcznym podpisem w przynależnym biurze Urzędu Pracy, zostaje on przekazany do Działu Finansowego, do obsługi. Wnioski i załączniki są obsługiwane w kolejności składania ich do Działu Finansowego.

Wnioski oraz załączniki są rozpatrywane a następnie szacuje się wysokość zasiłku. Jeżeli nie są wymagane od wnioskodawcy dodatkowe informacje lub dokumenty to wniosek jest realizowany.

- ⤴ Þeir sem fá greiðslur vegna langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.
- ⤴ Þeir sem leggja niður störf í verkfalli eða verkbanri vinnuveitanda.
- ⤴ Þeir sem eru sviptir frelsi sínu með dómi eða úrskurði, eða taka út refsingu í samfélagsþjónustu.
- ⤴ Þeir sem starfa sem verktakar - umsækjandi verður að afskrá sig á meðan verkefni/vinnu stendur.

## GEYMDUR BÓTARÉTTUR

Sá sem telst tryggður og hverfur af vinnumarkaði getur geymt þegar áunna atvinnuleysisstryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu telst til ávinnslutímabils eftir því sem við á.

- ⤴ Við útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdrar atvinnuleysisstryggingar skal líta til síðustu 12 mánuða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 36 mánuðum frá móttöku umsóknar.
- ⤴ Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hvarf af vinnumarkaði fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysisstrygginguna niður.
- ⤴ Þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum á sama tímabili.

## Afplánun refsingar

Sá sem telst tryggður og hverfur af vinnumarkaði til að taka út refsingu sína samkvæmt dómi getur geymt þegar áunna atvinnuleysisstryggingu þangað til hann hefur lokið afplánun refsingar.

- ⤴ Við útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdrar atvinnuleysisstryggingar skal líta til síðustu 12 mánaða frá þeim tíma er hinn tryggði sannanlega hættir störfum og tímabil afplánunar hófst.
- ⤴ Ef ekki er sótt um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degir er afplánun refsingar lauk fellur réttur til að geyma atvinnuleysisstrygginguna niður.
- ⤴ Vottorð frá fangelsismálayfirvöldum skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram það tímabil sem afplánun refsingar stóð yfir.

- ⤴ Þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum á sama tímabili.

### **Fæðingarorlof**

Sá sem telst tryggður og tekur fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hóf töku fæðingarorlofs.

- ⤴ Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu telst til ávinnslutímabils.
- ⤴ Við útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 36 mánuðum fyrir móttöku umsóknar, uppfylli hann skilyrði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisbætur að öðru leyti.
- ⤴ Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hvarf af vinnumarkaði fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.
- ⤴ Þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum á sama tímabili.

### **Minnkað starfshlutfall**

Launamaður sem missir starf sitt að hluta telst hlutfallslega tryggður hjá atvinnuleysistryggingarsjóði og nemur tryggingarhlutfallið mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram, frá þeim tíma er hann missti starf sitt að hluta.

Hið sama gildir þegar launamaður missir starf sitt en ræður sig til starfa í minna starfshlutfall hjá öðrum vinnuveitanda.

Ákvæði þetta á ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu.

### **Nám**

Sá sem telst tryggður og hverfur af vinnumarkaði til að stunda nám getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 72 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum enda hafi hann sannanlega lokið náminu.

- ⤴ Sá tími sem umsækjandi starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu telst til ávinnslutímabils.
- ⤴ Við útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem umsækjandi hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 84 mánuðum frá móttöku umsóknar, uppfylli hann skilyrði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar að öðru leyti.
- ⤴ Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 72 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum eða hefur ekki lokið námi innan þess tíma fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.
- ⤴ Nám umsækjanda þarf að hafa byrjað eftir 1. júlí 2006, þegar lög nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar tóku gildi.
- ⤴ Þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum á

sama tímabili.

### **Óvinnufærni vegna sjúkdóms eða slyss**

Sá sem telst tryggður og hverfur af vinnumarkaði verði hann óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þann tíma sem hann er óvinnufær.

- ⤴ Við útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu 12 mánaða frá þeim tíma er hinn tryggði sannanlega hætti störfum og tímabil hófst.
- ⤴ Ef ekki er sótt um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degi er aðili verður vinnufær á ný fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.
- ⤴ Vottorð sérfræðilæknis er annaðist hinn tryggða skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram hvenær hann varð óvinnufær og hvenær hann varð vinnufær á ný.
- ⤴ Þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum á sama tímabili.

### **Virkri atvinnuleit hætt tímabundið**

Sá sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í skemmri tíma en 24 mánuði en hættir tímabundið virkri atvinnuleit getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sótti um atvinnuleysisbætur enda hafi hann ekki áður nýtt sér heimild til geymslu bótaréttar.

- ⤴ Sá sem hættir virkri atvinnuleit til að stunda nám getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 36 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti virkri atvinnuleit enda hafi hann sannanlega lokið náminu. Þegar sótt er aftur um atvinnuleysisbætur skal miða við atvinnuleysistryggingar hins tryggða eins og þær voru áður en hann hóf námið nema annað leiði af lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.
- ⤴ Þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum á sama tímabili.

## **MINNKAÐ STARFSHLUTFALL – LAUNAMAÐUR**

### **Atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli / Hlutastarfi**

Launamaður sem missir starf sitt að hluta telst hlutfallslega tryggður samkvæmt lögum þessum og nemur tryggingarhlutfallið mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram, frá þeim tíma er hann missti starf sitt að hluta.

Hið sama gildir þegar launamaður missir starf sitt en ræður sig til starfa í minna starfshlutfall hjá öðrum vinnuveitanda.

Ákvæði þetta á ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu.

- ⤴ Umsækjandi sem er í 1%-49% hlutastarfi eða 71%-99% á rétt á atvinnuleysisbótum samhliða hlutastarfi sínu uppfylli hann skilyrði laga nr.

54/2006 um atvinnuleysistryggingar að öðru leyti.

- ▲ Atvinnuleysisbætur skerðast um það sem nemur starfshlutfalli umsækjanda og um tekjur umfram frítekjumark, sjá nánar [Skerðing atvinnuleysisbóta](#).

### **Tekjutenging**

Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skv. ofangreindu á rétt á tekjutengingu uppfylli hann skilyrði um [tekjutengingu](#) að öðru leyti.

- ▲ Upphæð tekjutengingar miðast við bótarétt umsækjanda að frádregnu starfshlutfalli.  
Dæmi: umsækjandi reiknast með 100% bótarétt og er í 45% hlutastarfi.  
Atvinnuleysisbætur og tekjutenging eru því greiddar út í samræmi við 55% bótarétt.
- ▲ Tekjutengdar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eru greiddar í 3 mánuði.

### **Bráðabirgðaákvæði V. með lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar**

Vakin er athygli á því að samkvæmt bráðabirgðaákvæði V með lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar sem gildir til 30. júní 2011, skulu laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall ekki koma til skerðingar á fjárhæð atvinnuleysisbóta.

- ▲ Gildir ákvæðið um þá sem hafa gert samkomulag um tímabundna breytingu á ráðningarsambandi við vinnuveitanda sinn, þannig að starfshlutfall nemi 50-70% í minnkuðu starfshlutfalli og að fyrra starfshlutfall hafi verið lækkað um 30% hið minnsta.
- ▲ Ákvæðið á við um umsækjendur sem sækja um minnkað starfshlutfall í fyrsta sinn eftir 1/1 2011.
- ▲ Umsækjandi sem sótti um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli fyrir 1/1/2011 á rétt til að vera í því starfshlutfalli sem áður hafði verið samþykkt, þó ekki meira en 80%.

Þegar launamaður hefur þurft að draga úr starfshlutfalli sínu að kröfu vinnuveitanda skerða þau laun sem hann heldur fyrir 50-70% starfshlutfall ekki fjárhæð atvinnuleysisbóta. Þetta á eingöngu við um föst laun. Aðrar greiðslur sem umsækjandi fær frá vinnuveitanda t.d. yfirvinnu - og/eða bónusgreiðslur, eða öðrum aðilum koma til skerðingar atvinnuleysisbóta án tillits til frítekjumarks.

Þessi tímabundna breyting á ráðningasamningi skal vara í þrjá mánuði í senn.

- ▲ Umsækjandi þarf að gera grein fyrir starfshlutfalli sínu og áætluðum tekjum í minnkuðu starfshlutfallinu. Afrit af síðustu 2 launaseðlum þarf einnig að fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur.
- ▲ Sé starfshlutfall umsækjanda ekki minnkað í 50-70% er umsókn hans synjað á grundvelli þess að hann uppfyllir ekki bráðabirgðaákvæði V laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Umsækjanda er jafnframt bent á að endurskoða þurfi samkomulag við atvinnurekanda um tímabundna breytingu á ráðningarsamningi.
- ▲ Hafi umsækjanda verið sagt upp fyrra starfshlutfalli sínu, fengið greiddan uppsagnarfrest og verið ráðinn á ný hjá sama atvinnurekanda í minna starfshlutfall getur hann sótt um atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi. [Sjá](#)

[nánar hér.](#)

### **Tekjutengdar atvinnuleysisbætur í minnkuðu starfshlutfalli**

Tekjutenging atvinnuleysisbóta í minnkuðu starfshlutfalli 50-70% er reiknuð með þeim hætti að fundið er út hversu háar tekjutengdar atvinnuleysisbætur umsækjandi hefði átt rétt á hefði hann misst starf sitt að fullu og fær hann síðan hlutfall af þeim bótum í samræmi við minnkað starfshlutfall.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru greiddar að jafnaði í 3 mánuði en í minnkuðu starfshlutfalli samkvæmt áðurnefndu ákvæði, lengist tímabilið í réttu hlutfalli við minnkað starfshlutfall.

- ⤴ 50% minnkað starfshlutfall veitir rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í 6 mánuði,
- ⤴ 60% minnkað starfshlutfall veitir rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í 5 mánuði,
- ⤴ 70% minnkað starfshlutfall veitir rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í 4,29 mánuði.

Dæmi:

Launamaður sem hefur 400.000 kr. í föst mánaðarlaun fyrir fullt starf en hefur þurft að minnka við sig starfshlutfall um 50% vegna samdráttar og sækir um 50% atvinnuleysisbætur.

Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann því átt rétt á 242.636 kr. á mánuði sem er hámarksgreiðsla á tekjutengdum atvinnuleysisbótum og þar sem hann sækir um 50% bætur á hann rétt á 121.318 kr. á mánuði:

- ⤴ Tekjur fyrir 50% minnkað starfshlutfall kr. 200.000,-
- ⤴ 50% atvinnuleysisbætur með hámarkstekjutengingu kr. 121.318,-
- ⤴ Samtals á mánuði kr. 321.318,-
- ⤴ 50% atvinnuleysisbætur að lokinni tekjutengingu kr. 74.761,-
- ⤴ Þar sem hann fær greiddar 50% atvinnuleysisbætur á hann rétt að tekjutengingunni í 6 mánuði.

Þrátt fyrir ofangreint, skulu laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall og atvinnuleysisbætur samanlagt aldrei nema hærri upphæð en 491.318 kr. á mánuði.

### **RÉTTINDI OG SKYLDUR**

Hér til vinstri má nálgast helstu upplýsingar um réttindi umsækjanda og þær skyldur sem ber að sinna til að viðhalda rétti til atvinnuleysisbóta.

- ⤴ [Virki atvinnuleit](#)
- ⤴ [Upplýsingaskylda](#)
- ⤴ [Staðfesting á atvinnuleit](#)
- ⤴ [Viðtöl, fundir og önnur úrræði](#)
- ⤴ [Lækniskostnaður](#)



## ⤴ **Veikindi**

### **Virk atvinnuleit**

Að vera í virkri atvinnuleit:

Sá telst vera í virkri atvinnuleit sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- ⤴ er fær til flestra almennra starfa,
- ⤴ hefur frumkvæði að starfsleit og er reiðubúinn að taka hvert það starf sem greitt er fyrir,
- ⤴ hefur vilja og getu til að taka starfi án sérstaks fyrirvara,
- ⤴ er reiðubúinn að taka starfi hvar sem er á landinu,
- ⤴ er reiðubúinn að taka starfi óháð því hvort um fullt starf eða hlutastarf sé að ræða, eða vaktavinnu,
- ⤴ á ekki rétt á launum eða öðrum greiðslum í tengslum við störf á vinnumarkaði þann tíma sem hann telst vera í virkri atvinnuleit nema um minnkað starfshlutfall sé að ræða,
- ⤴ hefur vilja og getu til að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum sem standa honum til bóta ,
- ⤴ er reiðubúinn að veita Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar til að auka líkur á að fá starf við hæfi,
- ⤴ er reiðubúinn til að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum.

Tilkynna skal Vinnumálastofnun um allar þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni eða aðstæðum að öðru leyti án ástæðulausrar tafar (sjá [Upplýsingaskyldu](#)).

### **Upplýsingaskylda**

Atvinnuleitandi skal upplýsa Vinnumálastofnun tafarlaust um allar breytingar sem verða á högum og kunna að hafa áhrif á rétt hans á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur. Ef ekki er tilkynnt um slíkar breytingar getur það leitt til biðtíma eða annarra viðurlaga samkvæmt lögum.

Dæmi um slíkar breytingar eru:

- ⤴ þátttaka í námi,
- ⤴ tilfallandi vinnu,
- ⤴ hlutastarf,
- ⤴ fullt starf,
- ⤴ aðrar tekjur sem umsækjandi fær samhliða atvinnuleysisbótum,
- ⤴ veikindi umsækjanda sem hindrar virka atvinnuleit,
- ⤴ skerta vinnufærni / óvinnufærni,
- ⤴ ef farið er erlendis án E303,
- ⤴ orlof,
- ⤴ breytingu á heimilisfangi, símanúmeri og/eða netfangi.

Ekki er heimilt að dvelja erlendis á sama tíma og umsækjandi þiggur atvinnuleysisbætur nema hafa sótt um [E-303 vottorð](#).

- ⤴ Ef umsækjandi hyggst fara í leyfi eða frí þá skal láta Vinnumálastofnun vita af því og er þá umsækjandi skráður af bótum á meðan.

### **Staðfesting á atvinnuleit**

Staðfesta þarf atvinnuleit 20. - 25. dags hvers mánaðar. Atvinnuleit er staðfest frá "Mínar síður".

- ⤴ Greiðslur til umsækjenda sem staðfesta atvinnuleit frá 20. - 25. hvers mánaðar eru afgreiddar fyrsta virka dag í mánuði.
- ⤴ Greiðslur til umsækjenda sem staðfesta atvinnuleit sína milli 25. og 3. næsta mánaðar eru ekki afgreiddar fyrr en 5 virkum dögum eftir mánaðamót.
- ⤴ Greiðslur til umsækjenda sem staðfesta atvinnuleit sína eftir 3. næsta mánaðar greiðast með útborgun næstu mánaðarmóta.

Við staðfestingu á atvinnuleit er umsækjandi að staðfesta að hann sé enn án atvinnu og í virkri atvinnuleit. Við staðfestingu er hægt að koma nauðsynlegum upplýsingum til Vinnumálastofnunar t.d. um tilfallandi vinnu eða hlutastarf.

### **Viðtöl, fundir og önnur úrræði**

Atvinnuleitandi þarf að mæta í öll boðuð viðtöl og fundi til að uppfylla skilyrði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisbætur. Einnig þarf hann að taka þátt í þeim vinnumarkaðsúrræði sem honum er boðið.

Mæti atvinnuleitandi ekki í boðað viðtal eða fund, eða hafnar þátttöku í þeim úrræðum sem honum standa til boða og án gildra skýringa þarf hann að sæta viðurlögum (sjá [Biðtími og viðurlög](#)).

### **Lækniskostnaður**

Þeir sem hafa verið atvinnulausir samfelld í 6 mánuði og hafa fengið vottorð um það frá Vinnumálastofnun greiða fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt gjaldskrá lífeyrisþega. Framvísa þarf vottorði Vinnumálastofnunar við komu á heilsugæslu eða hjá lækni.

Þeir sem hafa verið atvinnulausir lengur en 6 mánuði og hafa fengið afsláttarkort frá Tryggingastofnun, greiða fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt gjaldskrá lífeyrisþega til ársloka. Framvísa þarf vottorði Vinnumálastofnunar við komu á heilsugæslu eða hjá lækni.

### **FJÁRHÆÐIR ATVINNULEYSISBÓTA**

Eftirfarandi fjárhæðir gilda frá 1. júní 2011:

Upphæð grunnatvinnuleysisbóta reiknast í hlutfalli við bótarétt:

- ⤴ Atvinnuleysisbætur eru 161.523 kr. á mánuði miðað við 100% bótarétt.
- ⤴ Atvinnuleysisbætur eru 121.142 kr. á mánuði miðað við 75% bótarétt.
- ⤴ Atvinnuleysisbætur eru 80.762 kr. á mánuði miðað við 50% bótarétt.
- ⤴ Atvinnuleysisbætur eru 40.381 kr. á mánuði miðað við 25% bótarétt (lágmarksbótaréttur).

Vegna framfærsluskyldu barna yngri en 18 ára eru greiddar 6.461 kr. á mánuði með hverju barni (4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum).

## **Tekjutenging**

Grunnatvinnuleysisbætur eru greiddar samtals í hálfan mánuð frá fyrstu skráningu áður en tekjutenging atvinnuleysisbóta tekur gildi.

Hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta er 254.636 kr. á mánuði.

- ▲ Útreikningur tekjuteningar miðast við:  
Launamenn: Tekjutenging atvinnuleysisbóta nemur 70% af meðaltali heildarlauna og er miðað við sex mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en umsækjandi varð atvinnulaus.  
Sjálfstætt starfandi: Tekjutenging atvinnuleysisbóta nemur 70% af meðaltali heildarlauna og skal þá miða við tekjuárið á undan því ári sem umsækjandi varð atvinnulaus.  
Bótarétt umsækjanda: Upphæð tekjutengingar miðast einnig við bótarétt umsækjanda sbr. reiknist umsækjandi með hámarkstekjutengingu en 50% bótarétt þá verða hámarksatvinnuleysisbætur 50% af 254.636 kr. eða 127.318 kr.
- ▲ Réttur til tekjutengingar atvinnuleysisbóta gildir í 3 mánuði samtals frá upphafi [bótatímabilsef](#) skilyrði um tekjutengingu eru uppfyllt.
- ▲ Sá sem sætir biðtíma eftir atvinnuleysisbótum á ekki rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum.
- ▲ Umsækjandi á aðeins einu sinni rétt á hverju bótatímabili á tekjutengdum atvinnuleysisbótum og þá í upphafi tímabilsins.

## **GREIÐSLUR ATVINNULEYSISBÓTA**

Greiðslur atvinnuleysisbóta fyrir allt landið fara fram hjá Greiðslustofu Vinnumálastofnunar.

Greiðslur atvinnuleysistrygginga fara fram 1. virka dag hvers mánaðar og er greiðslutímabilið 20.-19. hvers mánaðar á undan.

- ▲ Til dæmis í útborgun þann 1. mars er verið að greiða fyrir tímabilið 20. janúar til 19. febrúar.

Athygli er vakin á því að umsækjendur þurfa að staðfesta atvinnuleit sína mánaðarlega frá 20. – 25. hvers mánaðar til að tryggja greiðslur um mánaðarmót. Atvinnuleit er staðfest á "Mínar síður" atvinnuleitanda.

- ▲ Greiðslur til umsækjenda sem staðfesta atvinnuleit frá 20. - 25. hvers mánaðar eru afgreiddar fyrsta virka dag í mánuði.
- ▲ Greiðslur til umsækjenda sem staðfesta atvinnuleit sína milli 25. og 3. næsta mánaðar eru ekki afgreiddar fyrr en 5 virkum dögum eftir mánaðarmót.
- ▲ Greiðslur til umsækjenda sem staðfesta atvinnuleit sína eftir 3. næsta mánaðar greiðast með útborgun næstu mánaðarmóta.

## **ATVINNULEYSISBÆTUR Hafa EKKI SKILAÐ SÉR**

Ástæður þess að atvinnuleysisbætur hafa ekki skilað sér gætu verið eftirfarandi:

- ▲ Gleymdir þú að staðfesta atvinnuleit milli 20. - 25.? - Þeir sem staðfesta frá 26. - 3. næsta mánaðar fá greitt fimm virkum dögum eftir fyrstu útborgum. Þeir sem staðfesta eftir 3. dag mánaðar fá greitt næstu mánaðarmót á eftir
- ▲ Er búið að afgreiða umsóknina þína? - Afgreiðsla umsókna getur tekið mismunandi langan tíma. Stundum vantar gögn og þá þarf að óska eftir þeim o.s.frv. og ef þau berast ekki fyrir 20. hvers mánaðar þá er ekki öruggt að þú fái greitt um mánaðarmótin þar á eftir
- ▲ Sóttir þú um innan greiðslutímabilsins sem er verið að greiða núna? - Greiðslutímabil atvinnuleysisbóta er frá 20. hvers mánaðar til 19. næsta mánaðar
- ▲ Atvinnuleysisbætur eru alltaf greiddar út 1. virka dag mánaðarins - Ef 1. dagur mánaðarins er á laugardegi þá eru atvinnuleysisbæturnar greiddar út á mánudeginum þar á eftir
- ▲ Áttir þú ótekið orlof sem þú ráðstafaðir ekki? - Orlof frá fyrra tímabili verður þú að klára áður en þú byrjar á atvinnuleysisbótum. Orlof sem þú hefur áunnið þér á nýju orlofstímabili getur þú ráðstafað á næsta orlofstímabili. Orlofstímabilið er frá 1. maí til 15. september ár hvert. Orlofsdagar sem þú vinnur þér fyrir 1. maí á hverju ári á að nota á næsta orlofstímabili (sem hefst 1. maí)
- ▲ Hefur þú ekki svarað bréfi frá Vinnumálastofnun? - Mikilvægt er að verða við öllum bréfum frá Vinnumálastofnun. Annars er lítið svo á að þú sért ekki í virkri atvinnuleit eða mögulega uppfyllir ekki skilyrði laga um atvinnuleysisstryggingar nr. 54/2006 og greiðslur stöðvaðar þar til umbeðnar upplýsingar berast.

## BIÐTÍMI OG VIÐURLÖG

Uppfylli umsækjandi um atvinnuleysisbætur ekki skilyrði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar við skráningu og/eða á meðan hann fær greiddar atvinnuleysisbætur getur komið til biðtíma og/eða viðurlaga.

Niðurfelling atvinnuleysisbóta vegna biðtíma / viðurlaga er skv. neðangreindu:

- ▲ 2 mánuðir.
- ▲ 3 mánuðir.
- ▲ Umsækjandi á ekki rétt á atvinnuleysisbótum fyrr en hann hefur starfað í a.m.k. 2 mánuði á innlendum vinnumarkaði.
- ▲ Umsækjandi á ekki rétt á atvinnuleysisbótum fyrr en hann hefur starfað í samfelldu í 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði.

### Starfslok / Námslok

Umsækjandi um atvinnuleysisbætur getur þurft að sæta biðtíma eftir atvinnuleysisbótum í upphafi bóttímabils ef:

- ▲ starfi er sagt upp án gildra ástæðna,
- ▲ umsækjandi er valdur að eigin uppsögn,
- ▲ námi er hætt án gildra ástæðna,
- ▲ dregið er úr námshlutfalli til að uppfylla skilyrði um námssamning.
- ▲

Berist skýringabréf vegna starfsloka / námsloka með umsókn um atvinnuleysisbætur flýttir það afgreiðslu umsóknarinnar. Berist skýringabréf ekki er afgreiðslu umsóknar

frestað og umsækjanda gefinn kostur á að skila inn skýringum / andmælum vegna mögulegrar ákvörðunar Vinnumálastofnunar.

Umsækjendur sem sæta biðtíma í upphafi bótatímabils eiga ekki rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum.

### **Starfi eða atvinnuviðtali hafnað / Þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum hafnað**

Atvinnuleitendur geta jafnframt þurft að sæta viðurlögum ef þeir t.d.:

- ▲ hafna starfi sem býðst fyrir milligöngu stofnunarinnar, án þess að hafa til þess gildar ástæður,
- ▲ taka ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar eða fylgja slíkri áætlun ekki eftir,
- ▲ hafna þeim úrræðum sem Vinnumálastofnun bjóða þeim t.d. þátttöku á námskeiðum,
- ▲ mæta ekki í boðuð viðtöl eða á fund Vinnumálastofnunar, án gildra ástæðna.

### **Látið hjá líða að veita upplýsingar eða látið hjá líða að tilkynna breytingar á högum**

Atvinnuleitandi skal tilkynna skal til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar um allar breytingar sem kunna að verða á högum hans á þeim tíma sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum, t.d.:

- ▲ um tilfallandi vinnu,
- ▲ hlutastarf,
- ▲ fullt starf / atvinnuleit hætt,
- ▲ aðrar tekjur sem umsækjandi fær samhliða atvinnuleysisbótum,
- ▲ nám/námskeið,
- ▲ ef farið er erlendis án E303,
- ▲ dvöl erlendis,
- ▲ orlof,
- ▲ veikindi,
- ▲ skerta vinnufærni / óvinnufærni,
- ▲ breytingu á heimilisfangi, símanúmeri og/eða netfangi.
- ▲

Sé slíkri upplýsingaskyldu ekki fullnægt getur það leitt til viðurlaga og innheimtu ofgreiddra atvinnuleysisbóta samkvæmt X kafla laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar.

### **Atvinnuleysisbóta aflað með sviksamlegum hætti**

Veiti umsækjandi um atvinnuleysisbætur vísvitandi rangar upplýsingar í umsókn sinni um atvinnuleysisbætur sem leiða til þess að hann telst ranglega tryggður að fullu eða að hluta á ekki rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað a.m.k. 12 mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur.

Hið sama gildir um þann sem starfar á innlendum vinnumarkaði á sama tíma go hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum án þess að hafa tilkynnt Vinnumálastofnun um að atvinnuleit sé hætt eða um tilfallandi vinnu. Umsækjanda er jafnramt gert að endurgreiða ofgreiddar atvinnuleysisbætur.

## ATVINNULEYSISBÆTUR MEÐ ERLENDIS

### Atvinnuleit í Evrópu með E-303

Ef þú er ert atvinnulaus og færð atvinnuleysisbætur getur þú farið í atvinnuleit til Evrópu og haldið dagpeningum þínum. E-303 vottorðið veitir þér rétt til að fá greiddar atvinnuleysisbætur í allt að þrjá mánuði meðan þú ert að leita þér að vinnu í EES ríki. Umsóknareyðublað um E-303 er hægt að okfá hjá Vinnumálastofnun um land allt og hér til hægri á rafrænu formi.

Aðalskilyrði til þess að fá útgefið E-303 vottorð eru að þú þarft að vera alveg atvinnulaus og hafa þegið bætur samfellt í fjórar vikur fyrir brottför og ekki hafnað atvinnutilboði.

Umsóknarfrestur um vottorðið er 3 vikur fyrir brottför. Gildistími E-303 vottorðsins er allt að 3 mánuðir.

Ef þú hefur sótt um og hættir við að nota E-303 vottorðið, skalt þú strax hafa samband við Vinnumálastofnun og tilkynna að þú ætlir ekki að nota það.

Ef þú ætlar í atvinnuleit til annars EES-ríkis er líka ágætt að fá vottað að þú hafir verið atvinnuleysistryggð/ur á Íslandi s.l. 3 ár, hvort sem þú átt rétt á atvinnuleysisbótum hér á landi eða ekki. Þetta er gert með því að sækja um E-301/N-301 vottorð hjá Vinnumálastofnun og láta með því fylgja vottorð allra vinnuveitanda sem þú hefur starfað hjá s.l. 3 ár. Umsóknareyðublöðin um E-301 og eyðublöðin fyrir vottorð vinnuveitanda er hægt að fá hjá Vinnumálastofnun og hér til hægri á rafrænu formi.

E-301 vottorðið er venjulega sent í pósti til umsækjanda á heimilisfang hans erlendis. Ef þú færð vinnu í Evrópu og verður síðan atvinnulaus þá getur þú aukið við rétt þinn í móttökulandinu með því að framvísa E- 301 vottorðinu.

### Evrópska Sjúkryggingakortið

Evrópska sjúkratryggingakortið sem Tryggingastofnun gefur út veitir rétt til greiðslu sjúkrakostnaðar á opinberum sjúkrastofnunum í EES ríkjum vegna veikinda eða slysa. Ef Íslendingur lendir óvænt í slysi eða veikindum á ferð um Evrópu veitir evrópska sjúkratryggingakortið korthafanum rétt til nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu á sama verði og heimamenn greiða. Kortið tryggir að viðkomandi greiðir aðeins hlut sjúklings í lækniþjónustu og lyfjum en þarf ekki að leggja út fyrir heildarupphæðinni og sækja um endurgreiðslu þegar heim er komið.

Kortið gildir eingöngu hjá heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, apótekum og öðrum þjónustuaðilum með samninga við opinbera sjúkratryggingakerfið. Ekki er unnt að nota kortið þegar um er að ræða þjónustu sem veitt er á einkareknum sjúkrastofnunum sem starfa án samnings við hið opinbera. Brýnt er að ferðafólk, námsmenn, útsendir starfsmenn og aðrir sem dvelja tímabundið í Evrópuríki, gæti þess ávallt að leita til heilbrigðisþjónustu sem rekin er af hinu opinbera eða hjá aðilum sem hafa samninga við ríkið.

Kortið gildir yfirleitt í 2 ár svo fremi korthafi sé búsettur og sjúkratryggður á Íslandi. Ef hann flytur búsetu frá Íslandi fellur kortið almennt úr gildi.

Evrópska sjúkratryggingakortið er gefið út á einstaklinga, ekki fjölskyldur og einfaldast er að sækja um kortið á heimasíðu TR, [www.tr.is](http://www.tr.is). Aðeins þarf að slá inn kennitölu og haka við á umsóknarsíðunni hvort óskað er eftir því að maki og börn fái kortið líka. Að fáeinum dögum liðnum má vænta þess að kortið berist í póstinum.

Allir Íslendingar, og aðrir EES ríkisborgarar, sem sjúkratryggðir eru hér á landi eiga rétt á að fá evrópska sjúkratryggingakortið til notkunar á ferðalögum til annarra EES landa.

Eftirfarandi ríki Evrópusambandsins og EFTA mynda Evrópska efnahagssvæðið: Austurríki, Belgía, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kýpur (gríski hlutinn), Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Spánn, Slóvakía, Slóvenía, Stóra Bretland (hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands), Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

Á milli Íslands, Noregs, Lichtenstein og Sviss er í gildi Vaduz-samningur sem hefur þau áhrif að nánast sömu reglur gilda gagnvart Sviss.

Nánari upplýsingar um sjúkratryggingakortið er hægt að fá hjá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, Laugavegi 114, 150 Reykjavík. [www.tr.is](http://www.tr.is). Sími Tryggingastofnunar er 5604400.

### **Skráning hjá vinnumiðlun í gestilandinu**

Þegar þú kemur til þess ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem þú hyggst leita að vinnu, verður þú eins fljótt og auðið er að fara á þá vinnumiðlunarskrifstofu þar sem þú býrð til þess að skrá þig sem atvinnuleitanda.

Til þess að geta þegið dagpeninga allt vottorðstímabilið, verður þú að tilkynna þig innan 7 daga frá gildistöku vottorðsins. Dagsetningin kemur fram undir lið 3 á vottorðinu. Ef þú skráir þig eftir þennan tíma þýðir það að þú getur í fyrsta lagi fengið dagpeninga frá skráningardegi.

Ef þú getur ekki skráð þig í fyrsta skipti sem þú hefur samband við hina erlendu vinnumiðlun (í EES-ríkjunum), er nauðsynlegt að fá staðfestingu frá erlendum yfirvöldum um að þú hafir leitað til vinnumiðlunar til þess að skrá þig.

Ef vandamál koma upp varðandi greiðslu dagpeninga, verður þú að nota þá möguleika til kvörtunar sem fyrir hendi eru í gestilandinu á atvinnuleitartímabilinu.

Vinnumálastofnun getur ekki meðhöndlað kvartanir vegna ákvarðana sem teknar eru í öðrum EES-ríkjum, og Vinnumálastofnun getur ekki borgað eftir á dagpeninga sem atvinnuleitandinn telur sig eiga rétt á í því ríki sem hann leitar að atvinnu. Í sumum EES-ríkjum getur liðið nokkur tími áður en dagpeningar verða greiddir.

### **Hvers konar greiðslur færðu?**

Yfirvöld í öðru EES-ríki greiða upphæð íslenska dagpeninga á vottorðatímabilinu. Umsækjandi verður að fara eftir þeim reglum þess lands sem hann dvelst í. Erlendu vinnumálayfirvöldin meta einnig hvort viðkomandi atvinnuleitandi sé virkur í

atvinnuleit á vinnumarkaðinum.

Þar sem hér er um íslenska dagpeninga að ræða sem greiddir eru í öðru EES-ríki þar sem þú ert í atvinnuleit færðu sömu dagpeningaupphæð og ef þú hefur verið áfram í atvinnuleit á Íslandi.

Vinnumálastofnun sér einungis um að erlend yfirvöld greiði nettódagpeninga, þ.e.a.s. brúttódagpeninga þína mínus skatta. Vinnumálastofnun sér til þess að staðgreiðsla sé innt af hendi til skattýfirvalda skv. þeim upplýsingum sem þú hefur gefið.

Umreikningur íslenskra dagpeninga til gjaldmiðils annars EES-ríkis er samkvæmt gengi sem ákveðið er af Evrópusambandinu.

### **Ef þú færð ekki vinnu í öðru EES-ríki**

Tímabilið sem þú færð dagpeninga í EES-ríkinu er ekki hægt að framlengja.

Þú verður að muna eftir því að afskrá þig frá vinnumiðluninni í öðru EES-ríki áður en þú kemur aftur til Íslands. Auk þess þarftu að láta vinnumiðlunina fylla út E 303/5 fyrir heimkomu.

Þú getur ávallt komið til baka til Íslands innan vottorðstímabilsins, og þú átt rétt til dagpeninga á Íslandi frá þeim degi þegar þú hefur tilkynnt þig hjá vinnumiðlun á Íslandi ef skilyrðin eru að öðru leyti uppfyllt.

Til þess að geta fengið aftur rétt til dagpeninga á Íslandi verður þú að koma á vinnumiðlun á Íslandi áður en vottorðstíminn rennur út. Í tölulíð 4 á vottorðinu getur þú séð hvenær í síðasta lagi þú verður að vera skráður hjá vinnumiðlun. Ef þessi dagur er laugardagur, sunnudagur eða helgidagur, getur þú skráð þig hjá vinnumiðluninni næsta virkan dag.

Þú hefur 7 daga eftir gildistíma vottorðsins til þess að skrá þig eftir komu til Íslands - eins og við brottför -. En þú getur ekki fengið dagpeninga fyrir þann dag eða daga sem fara í ferðalag til Íslands, þar sem þú ert hvorki virkur atvinnuleitandi á Íslandi né í öðru EES-ríki. Ef þú skráir þig ekki hjá vinnumiðlun á Íslandi, skv. ofangreindu missir þú rétt til dagpeninga, þegar þú kemur aftur til Íslands. Þá getur þú fyrst fengið dagpeninga þegar þú hefur unnið á Íslandi í minnst 3 mánuði í a.m.k. 25% vinnu.

Vinnumálastofnun getur í sérstökum tilfellum framlengt frestinn fyrir komu aftur til Íslands. Vinnumálastofnun getur t.d. heimilað þér að skrá þig eftir að vottorðið rennur út, ef þú getur sannað að þú sért að fara í viðtal vegna atvinnuumsóknar í öðru ríki. Komu til Íslands getur einnig verið frestað ef þú getur sýnt fram á, að þú hafir verið forfallaður sökum lasleika, en þá þarf að framvísa staðfestingu þess efnis (læknisvottorð). Þú verður að sækja um undanþágu áður en vottorðið rennur út. Frestur fyrir komu aftur til Íslands verður ekki byggður á því að þú ættir að vera í öðru EES-ríki fram yfir vottorðstímamann í þeim tilgangi að bíða eftir dagpeningagreiðslu eða möguleikum á ferð aftur til Íslands.

Þú átt heldur ekki rétt á dagpeningum, þegar þú kemur til Íslands, ef þú ferð í frí í öðru EES-ríki í framhaldi af vottorðatímabilinu.



### **Helstu skilrði fyrir útgafu E-303 vottorðs eru eftrirfarandi:**

- ▲ Ríkisborgararéttur í EES-ríki
- ▲ Réttur til atvinnuleysisbóta á Íslandi við brottför
- ▲ Umsækjandi hafi þegið atvinnuleysisbætur samfelld í fjórar vikur fyrir brottfarardag
- ▲ Samfelld skráning hjá vinnumiðlun síðustu fjórar vikur fyrir brottfarardag
- ▲ Umsækjandi sé algjörlega atvinnulaus
- ▲ Umsækjandi hafi gefið kost á sér í vinnu í 4 vikur fyrir brottfarardag
- ▲ Umsækjandi ætli í virka atvinnuleit erlendis
- ▲ Umsóknarfrestur er 3 vikur fyrir brottfarardag

### **Endurnýjun á tímabili**

Þú getur fengið E-303 vottorð aftur útgefið ef að liðnir eru 6 mánuðir frá lokum fyrra tímabils og þú hefur starfað á þeim tíma á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 3 mánuði og uppfyllir að öðru leiti ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar.

### **Ef þú færð atvinnu í öðru EES-ríki**

Þú getur ekki verið atvinnuleysisstryggður áfram á Íslandi ef þú færð vinnu í öðru EES-ríki. Þá starfsreynsla sem þú ávinnur þér í öðru EES-ríki með því að vera áfram tryggður þar ásamt því að vera í starfi, getur þú flutt til Íslands, ef erlend yfirvöld staðfesta tryggingar- og starfstímabilin á eyðublaðinu E 301/N 301. Þú getur snúið þér til viðkomandi atvinnuleysisstryggingayfirvalda, áður en þú ferð til Íslands, og beðið þau um vottorðið E 301/N 301.

Ef þú færð hlutastarf á vottorðatímabilinu, eiga viðkomandi atvinnuleysisstryggingayfirvöld í öðru EES-ríki að spytja Vinnumálastofnun, hvort þú getir fengið útborgað hluta dagpeninga á vottorðstímabilinu samtímis hlutastarfinu.

### **Ef þú verður atvinnulaus í öðru EES-ríki eftir að hafa starfað þar**

Ef þú ætlar í atvinnuleit í öðru EES-ríki, þá getur þú fengið vottað að þú hafir verið atvinnuleysisstryggður á Íslandi með E-301 vottorði og aukið þannig rétt þinn til atvinnuleysisbóta í öðru EES-ríki. Skilyrði er að þú hafir verið launamaður og greitt hafi verið tryggingagjald af launum þínum.

Til þess að erlend atvinnuleysisstryggingayfirvöld geti reiknað með trygginga- og starfstímabilum á Íslandi, verður þú að hafa tímabilin staðfest með E-301/N-301 vottorði. Þú getur fengið vottorðið með því að sækja um það hjá Vinnumálastofnun, en mundu eftir því að þú hefur fyrst not fyrir vottorðið, ef þú verður atvinnulaus, eftir að þú hefur verið í starfi og einungis, ef þú óskar eftir því að dvelja áfram í öðru EES-ríki.

Vakin er athygli á að í nokkrum löndum þarf að leggja inn vottorðið hjá atvinnuleysisstryggingayfirvöldum innan 8 vikna frá flutningi til landsins